

Siðareglur Eikar fasteignafélags hf.

1. Inngangur

- 1.1. Eik fasteignafélag hf. (hér eftir nefnt „**Eik**“ eða „**félagið**“) hefur sett siðareglur þessar sem gilda fyrir félagið sjálft og dótturfélög í samstæðu þess. Siðareglurnar eiga við um starfsmenn og stjórnarmenn og hvílir sú skylda á þeim að lesa siðareglurnar og fylgja þeim.
- 1.2. Við viljum taka þátt í að byggja upp samfélagið og njóta virðingar. Virðingu ávinnum við okkur með því að fylgja leikreglum samfélagsins og koma ávallt fram af heiðarleika og leggjum okkur fram í að sýna sanngirni, hófsemd og varfærni. Við ávinnum okkur virðingu með athöfnum okkar jafnt innan félagsins sem utan og öxlum því ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum.

2. Viðskiptavinurinn

- 2.1. Við hlustum á þarfir viðskiptavinnanna og viljum ávinna okkur traust þeirra og að samskipti okkar helgist af heilindum og nærgætni. Við tökum mark á athugasemdum og ábendingum viðskiptavina, lærum af þeim og bregðumst við á viðeigandi hátt.
- 2.2. Við úrlausn viðfangsefna höfum við hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og leitum þeirra leiða sem henta þeim best.

3. Vinnustaðurinn

- 3.1. Það er á ábyrgð allra starfsmanna að byggja upp góða liðsheild og starfsanda. Við sýnum hvert öðru virðingu í ræðu, riti og framkomu. Okkur er umhugað um samstarfsfólk okkar og við sýnum hvert öðru virðingu, tillitssemi og sanngirni.
- 3.2. Við erum umburðarlynd, tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og skiptumst málefnalega á skoðunum. Við leyfum hæfileikum hvers og eins að njóta sín til þess að auðga starf okkar og samfélagið sem við búum í. Við leggjum ekki hvort annað í einelti og fylgjum eineltisstefnu félagsins.

4. Hagsmunaárekstrar

Við látum persónulega hagsmuni ekki hafa áhrif á störf okkar. Við misnotum ekki aðstöðu okkar til þess að afla okkur eða tengdum aðilum ávinnings. Við beitum dómgreind okkar til þess að átta okkur á mögulegum hagsmunaárekstrum og koma í veg fyrir þá í samræmi við stefnu félagsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

5. Mannréttindi

Við leggjum okkur fram um að fylgja stefnu félagsins um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð. Við berum virðingu fyrir öllum manneskjum og komum ávallt jafnt fram við þær og mismunum þeim aldrei á grundvelli kyns, kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

6. Fagmennska og heiðarleiki

- 6.1. Það er grundvallarregla starfsmanna Eikar að stunda fagleg og heiðarleg vinnubrögð, vekja virðingu og traust út á við og leitast við að styrkja samstarf og samstöðu starfsmanna. Við vinnum störf okkar ætíð á faglegan, vandaðan og ábyrgan hátt með virðingu fyrir viðskiptavinum, viðsemjendum og öðrum hagsmunaaðilum.
- 6.2. Við sýnum fagmennsku og heiðarleika með því að leita upplýsinga, fylgja lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við störf okkar hverju sinni.
- 6.3. Við þekkjum og ræðum siðferðileg álitamál sem koma upp og snerta starf okkar.

7. Trúnaður

- 7.1. Við virðum þagnarskyldu um það sem við fáum vitneskju um í starfi sem varðar viðskipti eða viðskiptavini og leynt á að fara, nema skylt sé samkvæmt lögum að veita upplýsingar. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.
- 7.2. Við hagnýtum okkur ekki upplýsingar um viðskiptavini á annan hátt en þeim hefur verið kynnt, né veitum við óviðkomandi aðgang að gögnum sem okkur hefur verið trúað fyrir.

8. Orðspor Eikar fasteignafélags hf.

Okkur er ljóst að orðspor Eikar er ein dýrmætasta eign félagsins. Okkur ber að efla það og varðveita til þess að vinna traust viðskiptavina og skapa góðan vinnustað. Það gerum við best með því að virða og fylgja siðareglunum auk þess sem við hlustum á, lærum af og þjónum viðskiptavinum.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum þann 20. desember 2019